

VERKSAMNINGUR

1. gr.

Við undirritaðir gerum með okkur eftirfarandi verksamning:

2. gr.

Verktaki tekur að sér að:

3. gr.

Eftirfarandi gögn eru hluti af samningnum:

Útboðsgögn og verklýsing dags.; _____ Teikningar frá _____

Tilboð verktaka dags. _____ ásamt magnskrá og framlagðri verkáætlun.

Verkið hefst _____ og skal vera lokið _____ að viðlögðum dagsektum sem nema kr. _____ fyrir hvern almanaksdag

4. gr.

Fyrir verkið er greitt kr. _____ með virðisaukaskatti.

Innifalið í samningsverðinu er:

Allur efniskostnaður, kostnaður við vinnu, vélar, áhöld, vinnuástöðu, tryggingar, flutninga, o.s.frv. svo og öll þau lög og samningsbundin gjöld sem leiða af því að hafa menn og tæki í vinnu og selja efni og vinnu, þ.m.t. virðisaukaskatt.

Greitt er samkvæmt framvinndu, viku eftir framlagningu reikninga.

5. gr.

Verktaki skal vinna þau breytinga- og/eða aukaverk sem verkkaupi óskar eftir, enda sé verktaka það mögulegt. Verkkaupi skal greiða verktaka allan kostnað sem af þessum breytinga- og/eða aukaverkum leiðir. Allar yfirlýsingar um breytingar skulu vera skriflegar/tölvupóstur, svo og kröfugerð og samningar.

Með breytinga- og / eða aukaverkum er átt við verkliði sem ekki eru tilgreindir í magntöluskrá. Ef ófyrirséðar breytingar verða á verkinu, s.s. breytingar á magntölum, skal verktaki tafarlaust tilkynna verkkaupa um þær breytingar.

Ef verktími er lengri en 10 virkir dagar skulu verkfundir skulu haldnir _____ í mánuði og skal verktaki halda dagbók í þríriti um þau atriði sem kunna að hafa áhrif á gæði og framvinndu verksins. Verkkaupi skal fá afrit af dagbók í upphafi hvers verkfundar.

Ef verktími er skemmri skulu allar breytingar sem hafa áhrif á verð, magn og gæði verksins staðfest með tölvupósti innan þriggja daga frá munnlegu samkomulagi um breytingar.

6. gr.

Verktaki skal vera ábyrgðartryggður fyrir því tjóni sem hann eða starfsmenn hans kunna að valda verkkaupa eða öðrum meðan á verkinu stendur og getur verkkaupi óskað eftir upplýsingum um trygginguna.

7. gr.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum, einu fyrir hvorn samningsaðila. Rísi mál út af samningi þessum skal reka það fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.

Staður _____ Dags. _____

Verktaki:

Verkkaupi:

Vitundarvottar að rétttri dagsetningu og undirskriftum aðila.

_____ kt. _____

_____ kt. _____